



10. apríl 2013

Eftirfylgni vegna athugunar á verklagi Straums fjárfestingabanka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar.

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var hinn 18. október 2012 þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem stofnunin taldi að þörfnuðust úrbóta eftir athugun á þáttum er vörðuðu flokkun Straums fjárfestingabanka hf. (hér eftir Straumur eða bankinn) á viðskiptavinum sínum m.t.t. fjárfestaverndar.

Í gagnsæistilkynningunni sem lesa má [hér](#) kom fram að í september 2012 hefði Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni með skýrslu eftir að Straumi hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Fjármálaeftirlitið fór fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni og beindi tilmælum til Straums um að bæta þar úr.

Að auki var stjórn Straums gert að fela innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila greinargerð þar að lútandi. Þá kom fram að Fjármálaeftirlitið myndi birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Straums um úrbætur lægi fyrir.

Fjármálaeftirlitinu hefur borist greinargerð innri endurskoðanda Straums sem stjórn Straums fjallaði um á fundi sínum þann 12. febrúar sl. Þar voru tilgreindar þær úrbætur sem Straumur hafði framkvæmt. Fjármálaeftirlitið telur, að teknu tilliti til greinargerðar innri endurskoðanda, að Straumur hafi brugðist með fullnægjandi hætti við þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.